

Nd.

91. Frumvarp til laga

[65. mál]

um breyting á lögum nr. 24 1949, um breyting á lögum nr. 33 12. febr. 1945, um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist nýr málslíður, svo hljóðandi:
Í kostnaði við að reisa sjúkrahús eða sjúkraskýli er innifalið andvirði nauðsynlegs húsbúnaðar, áhalda og lækningatækja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð.

Pað hefur verið litið svo á, að skilja bæri ákvæðin í lögum um framlag ríkisins til sjúkrahúsbygginga þannig, að þar komi eigi til greina annað en kostnaðurinn, sem leiðir af húsbýggingunni einni saman. Af þessu leiðir, að ríkisframlagið tekur ekki að neinu leyti til þess kostnaðar, sem leiðir af því að afla húsbúnaðar, áhalda og lækningatækja í sjúkrahúsin. Í nýtízku sjúkrahúsum er andvirði þessara áhalda allverulegur hluti af stofnkostnaði sjúkrahússins.

Reynslan hefur sýnt, að þeim, sem standa að byggingu stórra og dýrra sjúkrahúsa, verður mjög fjárvant til þess að reisa rönd við kostnaðinum, eins og nú er háttar um stuðning þess opinbera við þessi fyrirtæki. Það verður því eigi hjá því komið, ef kleift á að reynast að hrinda í framkvæmd nauðsynlegustu aðgerðum á sviði heilbrigðismála, að aukið verði framlag frá ríkinu til sjúkrahúsbygginga. Er því í þessu frumvarpi lagt til, að skýrt sé kveðið á um það, að í kostnaði við að reisa almenn sjúkrahús eða sjúkraskýli sé innifalið andvirði húsbúnaðar, áhalda og lækningatækja. Tekur ríkisframlagið þá til alls stofnkostnaðar, og er það í fullu samræmi við yngri löggjöf um hliðstæð efni, skólabyggingar o. fl.